



Um 40 manns voru á fundinum sem skiptu sér niður á fjögur borð þar sem fjallað var um byggð og atvinnulíf, umhverfi, þjónustu og samfélag. Skipt var þrisvar um borð. Hér fyrir neðan eru teknar saman niðurstöður umræðna eftir málefnum:

Guðmundarlundur:

- Stækka Guðmundarlund. Bæta aðgengi að Guðmundarlundi og Heiðmörk en þangað er nær ófært í dag.
- Laga svæðið sem var eitt sinn ákveðið sem undirgöng undir veg milli Guðmundarlundar og Hesthúsasvæðisins.
- Guðmundarlundur. Það vantar tengingu við hann, bæði bætt aðgengi og upplýsingar til íbúa.
- Flott að hafa grillaðstöðuna í Guðmundarlundi. Gott að hafa snyrtingu. Verður að vera eitthvað svoleiðis í kringum vatnið.
- Umgengni er alltaf að versna, gengið verr og verr um svæðið við Guðmundarlund.
- Tengsl byggðar við Guðmundarlund ætti að bæta.
- Hvað með veitingarstað í Guðmundarlundi.
- Lausir hundar við Guðmundarlund eru til vandræða.
- Útivistarsvæði við Guðmundarlund t.d. veitingahús

Ellidavatn og umhverfi:

- Huga að Ellidavatni sem útivistarsvæði á veturna. Þegar vantið frýs þá má gera svo mikið þar með vetraríþróttir. Væri hægt að nota það fyrir gönguskiði, eða skauta.
- Hluta af vatninu fyrir skautasvell. Vakir á vatninu eru hættulegar en mætti merkja betur.
- Vantar betri göngustíg í kringum vatnið.
- Þarf að passa að byggja ekki nær en 50 metra frá lóðarmörkum að vatni. EKKI 50 metra frá húsi, heldur lóð.
- Aðstaða fyrir báta, og skútur við Ellidavatn svo hægt væri að trilla með bátinn sinn niður að vatni.
- Bátaleiga við Ellidavatn
- Komast nær Ellidavatni, vantar aðkomu að því og græn svæði.
- Veitingahús við Ellidavatnið. Sé fyrir mér eins og var í Nauthólsvíkinni. Þar var fólk að gera sér ferð, hvatti fólk að fara út og njóta svæðisins. Ef það kæmi einhversstoðar brynningarstaður.
- Erfitt að fara hringinn í kringum Ellidavatn vegna skorts á göngustígum og aðgengi.
- Byggt verði allstaðar að Ellidavatni.
- Tryggja að ekki verði byggt við Ellidavatn.
- Göngustígur umhverfis Ellidavatn er nauðsynlegur.
- Ekki nógu gott fyrir göngufólk að fara að vatninu. Engir stígar. Utan við byggðina.
- Byggja hringinn í kringum vatnið og nýta vatnið. Veiða silung.
- Stundum finnst manni maður vera einn í heiminum, þegar maður gengur í kringum vatnið, ekki setja byggðina allt í kring.
- Stígur niðri við vatnið væri alveg kjörið. Nýta meira vatnið fyrir útsýni.
- Samvinna milli sveitarfélaga um vatnið, gönguleiðir og slíkt.
- Væri mikils virði að vernda svæðið í kringum vatnið.
- Væri hægt að skipuleggja byggð án þess að fara alveg niður að vatni.
- Vatnsverndarsvæðið, hlýtur að setja takmörk.

- Þessi pólitíska deila um húsin eða lóðina, 50 metra. 150 metra kannski?
- Meiri nýtingu á vatninu – göngustígar, skautasvell
- Við Gilsbakka mætti koma fyrir bátum í útleigu. (nýsköpun).
- Aðstöðu til að teygja, ef fólk er á göngu eða hlaupum. Leiksvæði við Elliðavatnið
- Vantar WC við Elliðavatn
- Planta fleiri trjám við Elliðavatn

Leiksvæði:

- Vantar leiksvæði þar sem krakkar sem eru ekki í frístundaheimili eru rekin af skólalóðinni.
- Vantar leiksvæði í Hvarfahverfi aðeins hægt að nota skólalóðina þar (Vatnsendaskóla) og einn lítill leikvöllur. Ekkert grænt svæði.
- Lítið um leiksvæði í suðurhluta Þingahverfis.

Byggingarsvæði. Frágangur:

- Mjög mikil óánægja með slæmt frágengi við byggingastaði.
- Einstaka lóðir sem eru góðar og einstaka slæmar. Þarf að athuga að byggingaryfirvöld myndu ýta á eftir því.
- Moldarhrúga upp á hæðinni, sem verið er að stækka. Stór hola sem enginn veit hvað er. Traktorar óskoðaðir.
- Finnst búa á byggingareit
- Alltaf verið að grafa eitthvað meira. Eins og verið sé að stækka meira og meira.
- Þarf bara að tyrfa yfir grunna þar sem hætt er við framkvæmdir. Leiðinlegt ef maður er kominn í flott hverfi, öll Rjúpnahæðin sundurgráfin en aðeins komin fjögur hús.
- Klára allt sem byrjað er á. Ekki fara í nýjar framkvæmdir fyrr en búið er að fullbyggja ókláruð svæði og hverfi.
- Hvenær verður gengið frá köntum við Tröllakór?
- Mikið sandfok við Rjúpnahæð.
- Vindakór 14-16. Vegna vélanna.
- Rusl og plötur í Vindakór fjúka út um allt og geta valdið slysum.
- Gámar við Vallarkór, 3 stórir ljótir gámar. Er eitthvað hægt að gera við því?
- Við Vindakór standa gámar á svæðinu til mikils lýtis og rusl og drasl út um allt.
- Vallakór 2-4 er stórhættulegt svæði og verður að hreinsa.
- Ganga frá hálfbyggðum lóðum. Moka yfir og tyrfa, slyshætta af grunnunum.

Byggingarsvæði. Skipulag:

- Ekki mjög þétt byggð, varla grundvöllur fyrir strætó að þræða í gegnum hverfið.
- Á að vera nægur fjölbreytileiki, um tegund af byggð. Ekki bara einbýlishúsabyggð.
- Verður að vera ákveðinn þéttleiki annars er ekki grundvöllur fyrir þjónustu. Annars verður það eins og Arnarnes, með voða flottum húsum en engri þjónustu. Nýta landið betur.
- Ekki það sama að þetta byggð og eyðileggja græn svæði. New York er með risastórt grænt svæði, en er samt með eina þéttustu byggð fyrir utan Kína og Indland.
- Of þétt byggð, viljum hægja á þéttingunni, hlífa því sem eftir er.
- Skortur er á nærverslunum í hverfunum.
- Premur háhýsum ætti ekki að raða saman í línu.
- Breytingar á nýlegu skipulagi ætti ekki að leyfa.
- Kynna á betur skipulagsbreytingar.
- Vanda betur skipulagsvinnu svo ekki þurfi að breyta nýjum hverfum.
- Árbærinn er gott dæmi um skipulag vegna góðra göngutenginga.

- Samsetning byggðar þarf að vera blönduð svo auðvelt verði að flytjast innan hverfis v. fjölskyldu breytinga.
- Ekki byggja í Heiðmörk.
- Turnar í Smárahverfi hafa bæði kosti og galla.
- Arkitektúr á nýbyggðarsvæðum fátæklegur. Meiri kröfu um útlit bygginga í skipulagi myndi bæta umhverfið.
- Í Kópavogi ætti að leggja áherslu á að hús séu hvít vegna skammdegis.
- Ekki möguleiki á að leggja bílum í hverfum bæjarins. Þéttleiki of mikill.
- Miðsvæði í Kórnum ætti að styrkja.
- Móti háhýsum í Kópavogi.
- Allt í lagi með háhýsi.
- Atvinnuuppbygging mikilvægt atriði í sveitarfélaginu þar á meðal Kópavogshöfn.
- Fylla upp í Fossvog og Kópavog og gefa möguleika á byggingarlandi.
- Nærþjónusta er nauðsynleg í Kórahverfi.
- Hverfi eiga að fá að breytast með tímanum (breytt deiliskipulag)
- Breyta sumarbústaða landi í Vatnsendaheiði upp af Vatnsvík í útivistarsvæði.
- Passa betur í skipulagsvinnu græn svæði og að þau verði stór.
- Mikill kostur er að hafa útsýni.
- Þetta eldri atvinnusvæði enn ekki of háar byggingar.
- Áhersla verði lögð á blandaða byggð.
- Hverfi eiga að fá að breytast með tímanum (breytt deiliskipulag)
- Vatnsendahvarfshæðin og möstrin, hvað með hana? Á að fara að byggja þar? Óskipulagt svæði. Ekki í eigu bæjarins.

Tré og gróður:

- Flytja tré á auð svæði í Kórahverfi.
- Friða þau trjásvæði sem eftir standa í Vatnsendahverfi (Þingum og Hvörfum).
- Gróður á bæjarlandi þarf að vera rétt valinn svo ekki komi til útsýnisskerðingar seinna meir (runnagróður)
- Þarf að gróðursetja skipulega opnu svæðin. Þarf að gróðursetja meira á opnum svæðum.
- T.d. milli Reykjanesbrautar og Lindahverfis.
- Meira af blómum á torgunum. Við Hörðukórinn. Vantar meiri gróður.
- Gróðurinn sem sumarstarfsmennirnir gróðursettu í opin svæði fór fyrir lítið þegar byggt var á svæðunum.
- Hljóðmanir, græn svæði. Ekki borið á gras. Manir eru illa hirtar. Grænu svæðin eiga að vera græn, ekki gul eða vannærð. Vantar eftirlit með verktökum sem sjá um græn svæði.
- Allt of snemma slegið á mönum. Jarðvegur ekki búinn að jafna sig. Tækjaför upp allar manir.
- Verður að gróðursetja meira af trjám því þau verja fólk fyrir vindi.
- Geitur og kindur á beit: Ósk um það.
- Flott að það sé komin blómabúð. Mjög jákvætt.
- Gróður í gamla hverfinu. Viljum fá meira af sígrænum trjám.
- Ekki ryðja burt trjánnum, heldur leyfa fólki að koma og taka þau og setja í garðana sína.
- Gott framtak að færa fururnar.
- Gróðursetja meira við göngustíga
- Auka trjárækt
- Vantar gróður í opið svæði milli Reykjanesbrautar og Lindahverfis
- Gróðursetja á útivistarsvæðum

- Vernda trjágróður og opin svæði fyrir almenning.

Stígar:

- Vantar betri göngustíga fyrir börnin í skólana.
- Betri göngutengingar við Víflsstaðavatnið í Garðabæ.
- Laga stíga. Reiðstígar og göngustígar eiga ekki samleið. Þeir krossast oft.
- Rjúpnahæð, algjör synd þegar fór að byggja svona utan í henni. Garðbæingar ekki búnir að skemma, en Kópavogsbúar að skemma hana.
- Betri göngustíg yfir í Seljahverfið. Yfir Vatnsendann. Engir stígar upp við möstrin. Erfitt að komast þar yfir.
- Gamalt stígakort á heimasíðu bæjarins. Ekki búið að teikna inn á kortið ný hverfi.
- Gera göngustíga meira aðlaðandi. Meiri tré, bekkir með einum ljósastaur. Má ekki vera ljósastaur meðfram öllum stígnum, missir þá rómantík.
- Það á eftir að ganga frá gangstígum við Tröllakór 5-7 og 9-11.
- Göngutengsl við aðliggjandi sveitarfélög eru ekki næg frá Kórasvæði.
- Reiðleiðir og göngustígar fara ekki vel saman.
- Greiðari gönguleiðir í þjónustukjarna í Kórahverfi t.d. frá Boðapingi.
- Gott væri að gera rúllandi gönguleiðir frá Boðaping í þjónustukjarna í Kórahverfi líkt og á flugvöllum.
- Hvað með reiðhjólástíga? Skipta upp göngustíg, eða hafa þá alveg sér. Er ekki hægt að hafa sameiginlegt? Á mörgum stöðum eru saman göngu- og hjólástígar. Mála línu, gera göngustígana breiðari svo þeir rúmi bæði.
- Meira um sorptunnur á göngustígum.
- Ruslatunnur við stíga, sem eru sprengdar, þarf að fara oftar og viðhalda þeim og athuga. Spurning um að skipta um tegund.
- Göngustígur frá Hvörfum yfir í Breiðholt.
- Malbika stíg á milli Salahverfis og Breiðholts.
- Betra aðgengi, stígar, kringum Elliðavatn.
- Meira skjól í kringum göngu-/hjólástíga með gróðursetningu til framtíðar.
- Umhirða göngustíga, snjóruðningur/sópun.
- Hross og barnavagnar eiga enga samleið á stígum.
- Vill komast nær Elliðavatni.
- Fá annan stíg í gegnum golfvöllinn við stóru tjörnina.
- Göngustígur við Hörðuvallaskóla. Ný búið að setja grindverk. Af hverju? Öryggi minnkað.
- Vantar göngustígatengingu við Lambasel, alla leið, efri og neðri.
- Gera greinarmun á göngustígum og "spásseringsstígum" (göngustígar = stígar sem eru ætlaðir sem samgönguleiðir, spásseringsstígar = notaðir til útivistar/afþreyingar)
- Merkja/aðskilja göngu- og reiðstíga.
- Frágangur á stígum: Kantar of háir eða öllu heldur ekki niðurfelling kantsteina.
- Þarf að vera góð stígatenging við Árbæ, Mjódd og víðar.
- Vantar betri tengingu við náttúruperluna Elliðavatn – fólk verður rykugt og útataða í hrossaskít þegar það gengur um stígana við vatnið.
- Of oft sem hestar eru á göngustígum.
- Það vantar frágang á göngustíga/götur í hverfinu.
- Vantar göngustíg (upplýstan) úr Þingum í Vatnsendaskóla.
- Stígar í Heiðmörk séu ekki upplýstir, en þarf að hafa bekkir hér og þar með stígum og væri kostur að það væri ljós þar.

- Stígar sem eru ætlaðir til samgangna séu upplýstir, en stígar til almennrar útivistar séu ekki upplýstir.
- Það vantar fleiri bekki með stígum í bæinn.
- Lausaganga hunda er vandamál.
- Vantar göngustígatengingar við Lindakirkju úr Kórahverfi
- Göngustígur, Hörðuvallaskóli þar er nýtt grindverk við bílastæðin sem vísa börnum beint út á götu.

Uppland:

- Búa til golfvöll í upplandinu, en það er kannski of kalt þar. En flugvöll?
- Gera þarf ráðstafanir til að vernda upplandið fyrir byggð og atvinnustarfsemi.
- Að vatnsverndarsvæðið verði verndað einnig við Elliðavatn

Almenningssamgöngur:

- Strætó samgöngur eru ekki góðar að og frá Kórahverfi.
- Strætó gengur ekki nógu títt og þess vegnar er erfitt að versla í Smáranum.
- Strætó 28. Séu tveir vagnar sem ganga sitt í hvora áttina. Hamraborg – Mjódd – Ögurharf – Kórahverfi – Salahverfi – Lindir – Smáratorg – Hamraborg. Hinn vagninn fari Hamraborg – Smáratorg – Lindir – Salahverfi – Kórahverfi – Ögurharf – Mjódd – Hamraborg
- Tíðni ferða frá 6:30-19:00 verði á 20 mín fresti, en 30 mín fresti á kvöldin (19:00-24:00) og um helgar (frá 6:30-24:00 á laugardögum og 10:00-24:00 á sunnudögum).
- Akstur strætisvagna inn í Þingahverfi.
- Strætisvagnatenging beint til Reykjavíkur. (Breiðholt, Mjódd) jafnvel í Fagralund.
- Íþróttafélög "tali" við strætó v/ tímasetninga.
- Strætóskyli á hverja stoppistöð – upphituð?
- Fjölgun leiða og ferða strætó.
- Markaðssetning á strætó – "Strætó fyrir börnin"
- Strætó sveigjanlegur miðað við íþróttasvæði (þ.e. bíði eftir að æfingar klárast).
- Nota Kópavogspóstinn til að auglýsa strætisvagnaleiðir í boði.
- Strætóstjórar séu almennilegir – séu ábyrgir og aðstoði farþega.
- Leiðir strætó verði settar fram eftir litum, græn, rauð, gul, o.s.frv.
- Strætórúta sem væri menningarrúta, matarrúta, þ.e. út að borða í miðbæ Kópavogs með rauðvínglasi.
- Strætó keyrir núna á helgum á 60 mín fresti, sem er of langt á milli.
- Erfitt að komast með strætó í Hafnarfjörð.
- Vantar betri tengingu við íþróttasvæði t.d. Fagralund > tómstundavagn sem gengur sem sinnir ekki alveg hlutverki sínu þar sem hann fer ekki í Fagralund.
- Þarf einfalt og skýrt kerfi strætó.
- Strætó þarf að hafa ákveðið þol t.d. ef æfingar eru aðeins of lengi (sérstaklega tómstundavagninn), að vagninn bíði (Þetta er hins vegar erfitt í útfærslu, vegna tímatöflu strætó og tenginga við aðrar leiðir). Hin leiðin er að íþróttafélög séu meðvitaðri og sníði tímatöflu æfinga að tímakerfi strætó.
- Vantar betri samvinnu milli íþróttafélaga, strætó og bæjarins.
- Nota minni strætisvagna (utan annatíma) og tíðari ferðir.
- Kanna hvort hægt sé að fá aðra aðila sem sinni þjónustu strætó á annatímum (til viðbótar við strætisvagnana).
- Sanngjarnt verð í strætó fællir ekki frá notkun strætó.

- Strætókort fyrir börnin – hætt við að þau tynist – er ekki hægt að útfæra þau einhvern veginn öðruvísi?
- Göngustígur út frá strætóskýlum sé vel upplýstir og góðir – það myndi hvetja krakka til að nota strætó.
- Strætóskýli þurfa að vera víðar.
- Kópavogur auglýsi fyrir foreldrum að strætó sé öruggur fyrir börn, tryggt sé að ef eitthvað kemur fyrir börnin í strætó, þá sé þeim hjálpað (vagnstjórar séu liðlegir, aðstoði þau, svari þeim, stoppi örugglega fyrir þeim o.s.frv.).
- Þarf að breyta viðhorfi foreldra til tómstundavagns – þetta sé góður kostur sem börn, niður í tiltölulega ung börn, geti notað á öruggan máta.
- Þarf öflugna kynningu til að fá nýja notendur, t.d. senda 1 miða í strætó á hvert heimili, til kynningar.
- Koma á almenningsgöngum innan hverfis fyrir börnin til að koma þeim á bragðið að nota strætó.
- Það er of langt að ganga í strætó úr innstu götunum.
- Tímstundarútan er e.t.v. ekki kynnt nógu vel – hugmyndin er góð en hefur ekki náð nægilegri þátttöku í henni.
- Tenging milli Sala- Selja eða Kóra- Sundlaugar, koma e.t.v. á götum sem eru bara fyrir almenningsgöngur, ekki almenna notkun.
- Enginn strætó gengur í Bónus.
- Ekki eru alls staðar útskot fyrir strætó á Vatnsendavegi. Tímajöfnun strætó er sums staðar við hringtorgin, sem truflar umferð.
- Hafa gjaldfrjálst í strætó til að auka notkun þeirra.
- Koma á lestarsamgöngum milli helstu staða innan Kópavogs. Spurning hvort þetta sé nógu fjölmennt svæði, e.t.v. frekar spurvagnar.
- Koma á betri tengslum milli hverfa.

Samgöngur:

- Umferð að Kórnum er beint um 30 km götu. ATH. það.
- Gefa hringtorgum nafn til að auðvelda leiðaleiðbeiningar.
- Viðhorfsbreyting – minnka skutl í íþróttir og skóla > strætó og hjól.
- Skutl í skóla: Búa til útskot fyrir bíla við göngubru til að minnka umferð um Breiðahvarf.
- Arnarnesvegur
- Fjölga leiðum að Vatnsendaskóla – hættulegt að hafa bara eina leið inn og út úr hverfi > draga úr umferð v/ Vatnsendaveg.
- Skellinöðrur/mótorhjól eiga hvorki heima á stígum (göngu- og reiðstígum) né útivistarsvæðum, bæði vegna öryggis og hljóðmengunar.
- Fjölga leiðum að Vatnsendaskóla.
- Kanna hvort hægt sé að hafa "drop zone" við göngubru þannig að ekki þurfi að keyra inn í hverfið til að skutla börnum í skólann.
- Auka þjónustu innan hverfisins, þannig að krakkar séu innan hverfis. Það myndi minnka keyrslu.
- Rafmagnsbílar eru það sem koma skal. Þarf m.a. að koma upp tenglum fyrir þá.
- Bannað að leggja í Baugakór
- Umferðateppa við Vatnsendaskóla getur verið hættuleg.

Almenn hreinsun:

- Sorpmál. Mennirnir sem vinna við þetta ganga illa um.
- Hreinsa undirgöng, vegna sands sem fýkur þangað af byggingarsvæðum.

- Vantar meiri þrifnað við Sundlaugina í Versölum sérstaklega. Mjög ábótavant. Ruslatunnur alltaf fullar. Virðist þurfa að koma þarna oftar og tæma tunnur og þrifa í kring.
- Setja ætti bæjarreglur um umgengni í íbúðarhverfum. – Íbúar haldi hverfisdag og hreinsi til.

Sorpmál:

- Bæta við einni tunnu fyrir blöðin. Tekur langan tíma að fá fólkið til að skipta um skoðun. Þarf að hvetja eldri kynslóðir til að skipta um skoðun. Meiri fræðslu, byrja smátt og smátt.
- Umhverfissvænir plast pokar. Þarf að hvetja fólk til að kaupa þá. Þurfa að vera sýnilegir. Sérstaklega fyrir lífrænan úrgang.
- Við ættum að flokka sorp.
- Starfsmenn þjónustufyrirtækisins tæmi ruslatunnur alveg, ekki skilja eftir nokkra poka í botninum.
- Starfsmenn þjónustufyrirtækisins loki ruslageymslunni á eftir sér.
- Það væri gott að fá eina auka tunnu heim fyrir pappír.
- Það þarf að ná samningum við gámafyrirtæki um ódýrari tunnur fyrir flokkaðan úrgang. Fólk finnst allt í lagi að borga aukalega fyrir þessar tunnur.
- Við erum til í pappírstunnur.
- Hætta að kaupa alla innkaupapokana – þetta er leið til að minnka úrgang.
- Þarf miklu meiri fræðslu um úrgangsmál.

Ýmislegt:

- Mæla mengun frá Helligheiðarvirkjun í efstu hverfum í Kópavogi.
- Kópavogur hefur vaxið of hratt. Nýbúi upplifir sig ekki sem Kópavogsbúa, frekar tenging við Árbæ/Breiðholt.
- Nýta Kópavogspóstinn betur til upplýsingagjafar (bæði til að koma á framfæri upplýsingum um umhverfismál og leiðir strætó).
- Vantar miklu betri Kópavogsvef, vefsvæðið ekki notendavænt
- Alltof mikið af hundum og hundaskít allsstaðar
- Götulýsing fyrir neðan allar hellur. Léleg lýsing á götum. Rjúpnavegur mjög slæmur. Dimmt öðru megin. Myrkvuð gata.

Tómstundir og íþróttir

- Mjög góð aðstaða er fyrir íþróttafélög í Kópavogi, vel búið að þeim.
- Skoða þarf betur aðstöðu fyrir ýmsar jaðaríþróttir.
- Spurning um hvort skipta eigi hverfunum milli íþróttafélaga. Það hefur bæði kosti og ókosti. Það vantar eitthvað sem sameinar börnin í hverfunum, íþróttafélögin er góður vettvangur til þess. Mikilvægt að börn sjái fána íþróttafélagsins blakta við hún í hverfinu. Fyrir kemur að krakkar verði fyrir einelti ef þau eru ekki í íþróttafélagi hverfisins/svæðisins.
- Mikilvægt að fá fleiri greinar inn í þessi nýju hverfi eins og körfuknattleik o.fl.
- Inngangur og aðkoma að sundlauginni og íþróttastöðunni í Versölum er ekki góð. Gróður á milli bílastæða gerir það að verkum að ganga þarf með börn aftur fyrir bíla til að komast á göngustíga að sundlauginni. Hugmynd að taka burtu gróðurinn og opna þannig betur fyrir aðkomuna.
- Í Þingunum er stórt og mikið útivistarsvæði. Fólk kemur úr öðrum hverfum í útiveruna hér. Kostur hvað byggð er fjölbreytt. Fólk getur valið hverfi eftir m.a. áhugamálum sínum.
- Varðandi niðurgreiðslu á æfingum íþróttagreina, þá vilja foreldrar geta skilgreint og valið hvað er góð tómstund fyrir barnið sitt.
- Skólahljómsveit Kópavogs gæti haft aðsetur/útibú í þessum hverfum líka. Mikilvægt að tilboð um tómstundir sé í þessum hverfum.

- Nýja íþróttahúsið í notkun
- Eitt íþróttafélag í hverfið- HK?
- Ekki ásættanlegt að keyra framhjá íþróttasvæðum Leiknis og ÍR á leið í íþróttir í Kópavogi
- Samþætting tómsunda við skóla
- Tónlistarskóla í hverfið

Leikskólar

- Vilji er fyrir meiri tengingu milli skólastiga þó að leikskólarnir séu ekki lögbundnir, þarf að samhæfa og bæta tenginguna. Oft er talað um að börn séu of lengi á hverjum degi í leikskólanum. Samt þyrfti að vera hægt að hafa sveigjanlegri opunar og lokunartíma í sumum leikskólum, þannig fólk sem vinnur óreglulegan vinnudag geti nýtt sér þessa þjónustu betur.
- Við leikskólann Baug er öryggis ekki nægjanlega vel gætt við rólurnar. Þar vantar gúmmímottur. Þarf að skoðast betur hjá tæknideildinni. Lóð er heldur ekki hönnuð með þarfir yngstu barna í huga. Við hönnun leikskóla þarf samstarf milli þeirra sem þar starfa og þeirra sem hanna. Þannig getur umhverfið orðið mun betra. Í dag eru börn að fá bestu útiaðstæður á leikskólunum, þær þarf að bæta.
- Börn njóta þess oft að vera elst í leikskóla. Efla þarf samstarfið milli skólastiga og taka fleiri áherslur frá leikskólanum upp í fyrstu ár grunnskóla. Góð hugmynd er að stofnsetja litla ungbarnaleikskóla t.d. frá 0- 3 ára.
- Á leikskólum þarf að vera afmarkað svæði fyrir yngstu börnin

Grunnskólar

- Samþættingu íþróttatímstunda við skólastarf er mikilvægt að koma á. Sem dæmi má nefna ýmis konar listnám s.s. dans og tónlistarkennslu. Slíkt á að vera hluti af grunnskólanáminu og helst inni í skóladeginum. Þannig er hægt að brjóta upp skóladaginn til hagsbóta fyrir nemendur. Gott dæmi um samþættingu má finna í Snælandsskóla.
- Ánægja með hvað stutt er í skóla úr flestum hverfum.
- Félagsmiðstöðvar geta tekið meira af starfi grunnskólanna, t.d. dægradvalir.

Stjórnsýslan

- Þjónusta við eldri borgara þyrfti einnig að vera í hverfunum. Ekki bara miðlægt.
- Fundargerðir nefnda bæjarins þurfa að vera aðgengilegar, þannig að auðvelt sé að skoða hvar mál eru stödd í kerfinu.
- Spurning hvort smærri þjónustueiningar geti verið hagstæðari og hentugri fyrir hverfin.

Framhaldsskólar

- Í Kópavog þarf annan framhaldsskóla. Það yrði styrkur fyrir þessi nýju hverfi ef framhaldsskóli yrði settur á laggirnar á einhverjum stað á svæðinu sem nýttist m.a. nemendum úr þessum hverfum. Það gæti verið skóli sem legði m.a. áherslur á umhverfis- og náttúruvernd og tengdist þannig áherslum Vatnsendaskóla og skóla með Grænfánann.
- Einnig væri spennandi að setja upp íþróttatengdan eða tónlistartengdan framhaldsskóla. Þyrfti að staðsetja nýjan skóla í nýjum hverfum. Hægt að setja skólann í tengslum við Kórinn. Þannig væri hægt að halda nemendum í sínum hverfum. Gæti einnig verið staðsettur við Reykjanessbrautina.
- Framhaldsskóli

Menningarmál

- Vantar bókasafn í efri hverfin til að styrkja þau. Jafnvel væri hægt að auka samstarf bókasafna á Stór- Reykjavíkursvæðinu.

- Loka Lindasafni og opna bókasafn í hverfinu (Kóra, Hvarfa og Þingahverfi)

Félagsmál

- Í þessum nýju hverfum væri hægt að bjóða upp á íbúðir sem hentuðu fólki 50 ára og eldri. Þarfir þeirra eru aðrar en t.d. barnafólks.
- Mikilvægt að hafa kirkjugarð í Kópavogi. Duftgarður gæti hentað líka sem ekki tekur mikið pláss. Góð þjónusta er í Lindasókninni.

Þjónusta

- Þjónusta- matur , apótek og heilsugæsla
- Kórahverfi- hér vantar bókasafn- búa til þétt samfélag
- Grunnþjónusta sé í göngufæri, að mér líði líkt og ég búi í Kópavogi en ekki í Árbæ eða Breiðholti. Á ekki að þurfa að sækja þjónustu þangað.
- Auka þjónustustig þannig að við upplifum okkur sem hverfi- til þess þarf eitt íþróttafélag, bókasafn, tónlistarskóla, verslun, sjoppu, bakarí og pósthús
- Búa til ákveðinn kjarna með ýmissi þjónustu
- Kvöldskóli svipaður og Snælandsskóli er með í gangi
- Kaffihús í hverfið
- Þyrfti að koma á þjónustukjarna í tengslum við Kórinn og glerhúsið sem þar er. Þar ættu að vera m.a. matvöruverslanir, apótek og heilsugæsla. Kjarninn við Nettó þar sem heilsugæslan er í Salahverfinu hefur ekki heppnast nægjanlega vel. Pósturinn þarf líka að vera í svona kjarna.
- Ekki að setja upp krár eða skemmtistaði út í hverfin.